

Mál nr. 256/1999

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags

Meiðsl á skíðum á skíðasvæðinu í Bláfjöllum 21.01. 1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið 29.10. 1999.
2. Bréf lögmanns M til vátryggingafélagsins dags. 05.03. 1999,
3. Bréf forstöðumanns skíðasvæðisins í Bláfjöllum dags. 12.04. 1999.
4. Tjónstilkynning dags. 02.02. 1999.
5. Skýrsla lögreglu.
6. Bréf vátryggingafélagsins til lögmanns M dags. 23.04. 1999 og 27.08. 1999 og til nefndarinnar dags. 11.11. 1999, þar sem hjálagað fylgdi bréf félagsins til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna dags. 16.08. 1999.
7. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 904/1999.

Málsatvik.

M slasaðist á skíðum í Bláfjöllum að kvöldi umrædds dags. Þegar hann var nýlagður af stað efst í brekkunni tók hann beygju í átt að diskalyftu og fann þá að hann var í lausu lofti. Hann lenti á hliðinni en náði eð reysa sig upp aftur og sveigja til baka en lenti þá á kanti með þeim afleiðingum að hann missti jafnvægið og féll. Við þetta slitnuðu liðbönd og krossbönd í hægra hné. M telur að orsök slyssins megi rekja til þess að ljós vantaði á staura efst í brekkunni, lýsingu hafi verið áfátt. Auk skorts á lýsingu hafi brautin verið illa troðin vegna æfingar sem nýlega var búin.

Forstöðumaður skíðasvæðisins hefur upplýst að “vel ratbjart” hafi verið um brekkuna og að skíðaæfing hafi verið nýlokið þegar óhappið átti sér stað. Að ljóskastara hafi vantað á fjórða staur en það hafi ekki hamlað skíðadeild að stunda sínar æfingar. Svæðið hafði verið troðið á hefðbundin hátt fyrir um daginn. Eftir æfinguna voru “að sjálfsögðu grafningar í brekkunni sem að saúst greinilega og almennir skíðamenn sneiddu framhjá.” Hann telur að vísa beri til ábyrgðar skíðamanna á eigin gjörðum eins og fram kemur á lyftukortum sem skíðamenn kaupa þ.e að handhafi kortsins sé á skíðum á eigin ábyrgð. Skíðasvæðið verði eingöngu bótaskýlt ef eitthvað hendir á meðan að skíðamenn eru í lyftum eða búnaði þeim tengdum, að álit forstöðumannsins.

Vátryggingafélagið telur að mál þetta verði ekki rakið til atvika sem sveitarfélagið ber skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og ábyrgðar skíðamanna sjálfra á iðkun sinni er ekki unnt að fallast á að atvik máls þessa hafi bótaábyrgð í för með sér samkvæmt fyrirliggjandi ábyrgðartryggingu. Ekki hefur verið sýnt fram á að slysið hafi orðið vegna þess að lýsingu vantaði í brekkuna ellegar aðstæðna að öðru leyti sem starfsmenn skíðasvæðisins beri ábyrgð á. Hér er um óhapp að ræða sem M ber sjálfur ábyrgð á.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaábyrgð samkvæmt þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 23. nóvember 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.